Gerningahríð

1. júlí '93

afmælisdagur Eggerts Egana & Gunnlaugs Briems

MYNDBÖND OG GERNINGAR Í NÝLISTASAFNINU



GUNNAR J. ÁRNASON

Frá og með síðustu helgi og fram til 11. júlí munkenna ýmissa grasa á sviði myndbandalistar (vídeó- eða skjálistar) og gerningalista í Nýlistasafninu. Alla daga milli fjögur og níu, verða sýnd myndbönd, um helgar verða gerningar og á fimmtudögum verða fyrirlestrar. Meða gerningamanna eru eldri hetjur í bransanum, eins og Rúrí, Bjarni H. Þórarinsson, Magnús Pálsson, Halldór Ásgeirsson og bræðurnir Lárusson, en einnig upprennand gerendur. Fjöldamörg myndbönd verða til sýnis bæði eftir íslenska og erlenda höfunda. Í efsta salnum er dagskrádagsins varpað á vegg en í lesstofunni hefur verið komið fyrir sófahorni þar sem hægt er að velja sér myndbönd og koða í góðu tómi á sjónvarpsskjá.

GAMALT OG NÝTT Á SKJÁNUM

Ekki tókst mér að sjá nema hluta af myndbördunum, en nóg til að sjá að myndbandalist er í stöðugri þróun. Ýmislegt hefur gerst tækninni fleygir fram og hún verður aðgengilegri, menningir er í síauknum mæli gegnsýrð af myndbandatækni, bæði í fjölmiðlum og til eigin nota, og þeir listamenn sem nýta sér tæknina eru ekki eins upptekinr af því og áður aðstía sig af frá fjölmiðla- og afþreyingarkiltúrnum.

Myndbönd eru af tölunert slíku agi. Mörg bandarna eru heinar heimildir um gerninga og eru allmörg slík á sýningunni. En einnig hafa myndlönd, skjáir og upptökuvélar verið notuð sem hluti af gerningi eða innsetningu. Sem dæmi má nefna innsetningu Steinu Vasulka á listasafninu nýverið og gerning hennar á sama stað, þar sem hún lék á myndbandsvélar sínar með fiðlu sem stjórntæki. Ásta Ólafsdóttir og Þór Elís Pálsson hafa notað myndbönd til að sviðsetja gerning, sem hefur gert þeim kleift að klippa saman myndefni og laga það að skjánum og hreyingum tökuvélarinnar. Einn angi af myndbandalist þróast í beinu framhaldi af tilraunum í kvikmyndagerð, þar sem gerðar eru tilraunir með formið sjálft. Enn má taka innsetningu Steinu sem dæmi um verk sem meðhöndlar þá tilfinningu fyrir framvindu og rými sem myndbandið skapar. Til samanburðar má nefna athyglisverð og vel útfærð verk eftir Finnbog Pétursson, „Öður" (1992), þar sem stutt myndskeið er síendurtekin til að skapa nokkurs konar tónverk, og „Nature Morte" (1992) eftir Þorvarð Árnason, svart/hvítmynd þar sem hlutlæg skírskotun leysist nánast upp á skrminum í mynstur og hreyfingu.

Vasulka-hjónin, Steina og Woody, eru meðal brautryðjenda í meðhöndlun tækninnar sjálfrar og hafa notfært sér hana til að aðgreina vídeólistin frá kvikmyndalist. Þau hafa ekki látið sér nægja að nota hina endanlegu mynd á skjánum sem efnivið, heldur hafa þau sundurgreint rafeindaboðin í frumparta sína og byggt á þeim grunni, jafnvel sérsmíðað tæki og rafeindarásir í þeim tilgangi. Steina hefur sérsakt dálæti á tæknilegum tilraunum og ágætt dæmi er „Voice Windows" (1986) þar sem Steina lætur spunasöng umbreyta og opna myndina á skjánum.

Þeir myndlistarmenn sem fyrst tóku vídeóið í sína þjónustu voru allir undir svokallaða konseptlist, enda virtist það tilvalin leið til að einbeita sér að hugmyndinni og útfærlu hennar og losna við þá kvöð að búa til varanlega hluti. Það er einmitt þessi hópur listamanna sem réð ferðinni mikið til og mótaði þá mynd og það óorð sem myndbandalist fékk á sig. Hún mátti ekki eiga nokkuð sammerkt með kvikmynda- og sjónvarpsgerð. Skemmtun og spennavoru tabú og líklegatrúðusumir því að hið nýjalistform gæti losað firrta áhofendur undan hlekkjum „vitundariðnaðarins", annaðhvort með sjokkmeðferð eða langinnri terapíu. Myndbönd frá konseptskeiðinu reynlu verulega á þanþol þolinmæðistaiganna, en sem betur fer bar ekki eins mikið og áður á myndböndum sem eru álíka spennandi og að horfa á þorna málningu þorna.

Í staðinn fyrir að snúa alfarið baki við hefðbundnum formum afþreyingar og kvikmynda hafa vídeólistamenn í auknum mæli reynt að læra af og leita andsvara við sjónvarpsmenningu og myndbandavarningi. Anna Þorláks er dæmilegur höfundur sem vinnur á gráu svæði á jaðri tónlistarmyndbanda. Þorvaldur Þorsteinsson skopstælir stofudrama íslenkra sjónvarpleikrita í myndinni „Og þá reis fíflið upp", sem sýnd var í sjónvarpinu í vetra. „Virtual Justice", eftir Muriel Magenta, er athygisvert eikið myndband þar sem áhrif sjónvarps og skemmtiehis á réttavitund okkar eru ekin fyrir.

Meistaraverkið á myndbandahátíðinni er „Art of Memory" (1987) eftir Woody Vasulka, sérdeilis stórfenglegt myndband sem heldur manni hugföngnum. Myndin er hugleiðing um fortíð, sögu og minni, þar sem fljúgandi furðuhlutir úr fortíðinni, samsettir úr gömlum fréttakvikmyndum, svífa yfir tímalausu landslagi. Woody hafði áður leitað inn á ný mið með vídeó óperu sinni „The Commission", sem segir frá fiðlusnillingnum Paganini og franska tónskáldinu Hector Berlioz, einkum því atviki þegar Paganini fal aðist eftir tónverki hjá Berlioz. Sá sem leikur Paganini í þessu myndbandi heitir Ernest Gusella, en hann á skemmtilegt og hugmyndaríkt myndband (60 mínútna langt), „Operation Wandering Soul" (1992), sem fjallar á frönskan hátt um líf og list ljóðskáldsins Ezra Pound og japanskt Noh-leiklús. Myndinni er skipt upp í stutta kafla þar sem Gisella leitir ólíkum myndformum og þegar á líður snýs hún upp í dans- og söngvamynd.



Halldór Ásgeirsson í gerningnum „Reykdraugur".

GERNINGAR Á DAGSKRÁ

Lítil nýliðun hefur orðið í gerningahópnum undanfarin ár og sömu nöfn hafa haldið á loft merki gerninga hér á landi; Magnús Pálsson, Bjarni H. Þórarinsson, Hannes Lárusson og Halldór Ásgeirsson. Að öðrum ólöstuðum hefur Magnús Pálsson verið stórtækastur og frjóastur á þessu sviði. Á sunnudagskvöldið flutti leiksmiðjan Kaþarsis nokkur hljóðverk, eða hlóðskúlptúra, eftir Magnús sem gefa ágæta hugmynd um tilraunir hans til að hræða sam an leikhúið og hugsunarhátt myndlistamanns. En það er lítið hægtað fjalla um gerningana á hátíðinni að svo stöddu, því flestir verða þeir um næstu og þarnæstu helgi. Þá gefst yngri listamönnum tækifæri til að hrista ærlega upp í listforminu og það er kominn tími til.

Að lokum má minna á tvo athyglisverða fyrirlestra um samspil tölvu- og myndbandatækni. 1. júlí mun Hallgrímur Thorsteinsson tala um gagnvirka margmiðlun og 8. júlí heldur Hannes Högni fyrirestur um sýndarrými (virtual reaity, cyberspace).

9015055730514